

# NÁMSSKRÁ SÍL

Barna og unglíngastarf



gefið út 2008



## VERKLEG KUNNÁTTA

### Báturinn seglbúinn

Getur aðstoðað við að gera bát sjókláran.

### Sjósetning og lending\*\*

Getur sjósett kænu og siglt af stað með leiðsögn.

Kann að ganga frá báti á vagn.

Kann að aðstoða við að taka upp bát og ganga frá honum og fylgihlutum í geymslu.

### Reipi og hnútar

Getur hnýtt áttuhnút og festa upphal í klemmu eða á festinál.

### Siglingatækni og stjórnþök

Getur tekið við fyrirmælum sem áhafnarmedlimur.\*

Kann að stýra undir seglum og þegar bátur er dreginn.

Kann að stýra í hliðarvindi og getur vent aftur í hliðarvind.

Skilur notkun helstu stjórnþækja bátsins.

Skilur hvernig á að stöðva bát, stjórna hraða og komast úr járnum.

Kann að róa (með sprekum, árum eða kjöl).

Kann að kallað á hjálp

### Fatnaður og búnaður

Kann að klæðast björgunarvesti.

Hefur prófað björgunarvesti í vatni.

### Viðbrögð við veltu

Skilur nauðsyn þess að vera hjá bátnum ef hann veltur.

## SIGLINGAÞEKING

Þekkir nöfn á helstu hlutum bátsins (þ.e. skrokkur, mastur, stýri, stýrisframlenging, kjölborð, skaut o.s.frv.).

Veit hvað gera þarf til að hjálpa öðrum sem eru í nauð.

Þekkir staðbundnar hættur

Veit hvernig á að undirbúa bát fyrir tog.

### Fatnaður og búnaður

Hefur skilning á persónulegum öryggisbúnaði og veit hvað er réttur fatnaður til að nota á sjó (höfuðföt og skófátnaður innifalið).

### Veðurfræði

Áttar sig á hvaðan vindurinn blæs.

\*Gildir ekki um þá sem sigla einir.

\*\* Á ekki við um kjölbáta

Að loknu 1 stigi hefur nemandi öðlast grunnþekkingu í siglingum.

Skilur hvernig báturinn siglir og hefur nokkra reynslu af því að stýra og stjórna bát.

Í stigum 2 og 3 lýkur kynningu á byrjunaratriðum siglingaíþróttarinnar



## VERKLEG KUNNÁTTA

### Báturinn seglbúinn

Kann að snúa bátnum upp í vindinn til að gera hann sjókláran.  
Getur gert kænu sjóklára.

### Sjósetning og lending\*\*

Skilur hvernig á að koma vagni að sjó framhjá öðrum bátum og rafmagns/símalínunum í lofti.  
Getur sjósett og lent kænu í aflandsvindi.

### Reipi og hnútar

Kann eftirfarandi hnúta: Hringbragð og hálfstikk og réttan hnút.

### Siglingatækni og stjórtök

Getur stjórnað hraðanum og stöðvað með því að fara upp í vindinn og lagt bátnum.  
Kann að losa bátinn úr járnum.  
Kann að venda (beiting yfir á beitingu, stagvendingu).  
Þekkir störf áhafnar til hlítar.\*  
Getur siglt þríhyrningsbraut undir leiðsögn (kúvending ef vill).

### Þekkir til:

Grundvallaratriðinna fimm.  
Hvernig lenda skal í fjöru\*\* eða við bryggju í aflandsvindi.

### Viðbrögð við veltu\*\*

Getur tekið þátt í að rétta við bát eða getur rétt við eina tegund kænu.

## SIGLINGAÞEKKING

### Stjórtök

Þekkir hugtakið vindauga.  
Þekkir hugtökin hléborði, kulborði og kúvending.

### Almennt

#### Þekkir til :

Masturs og reiða.  
Nöfn seglahluta.  
Seglastillinga og blaða.  
Aflands- og álandsvinda.  
Nauðsyn þess að láta vita af ferðum sínum.  
Hættu af mannavöldum t.d. rafmagns og símalínur.

### Siglingareglur

Þekkir reglur um bakborða og stjórnborða.

### Veðurfræði

Kann nokkrar aðferðir til að átta sig á vindátt.

### Fatnaður og búnaður

Kann að velja rétt björgunarvesti og stilla það.  
Veit hvað er réttur klæðnaður.

\*Gildir ekki um þá sem sigla einir.

\*\* Á ekki við um kjölbáta

Í lok þessa námskeiðs hefur nemandi öðlast nokkra grunnkunnáttu og færni til að verða kenusiglari.

## VERKLEG KUNNÁTTA

### Bátur seglbúinn, sjósettur og tekinn upp\*\*

Kann að gera bát sjókláran, sjósetja og getur lent í álandsvindi.

Kann að rífa segl á landi samkvæmt veðri. Kann að ganga frá báti á landi.

### Reipi og hnútar

Kann pelastikk, skutulsbragð og tvöfalt skutulsbragð.

### Siglingatækni og stjórtök

Getur útskýrt og sýnt eftirfarandi grunnatriði:

Grundvallaratriðin fimm - sett upp segl, jafnvægi, seglastillingar, haldið stefnu og stilt kjöl.

Siglt allar stefnur á þríhyrningsbraut.

Stagvendingu

Kúvendingu

Hvernig rétta á við kænu sem áhöfn eða stýrimaður\*\*

Lagt upp að bát við legufæri.

Að búa bátinn undir tog

Lagt að legufærum/bauju

### Kappsiglingar

Skilur brautina og hvernig er startað.

## SIGLINGAÞEKKING

### Stjórtök

Skilur hvernig á að bjarga manni úr sjó.

Skilur öll siglingahorn.

### Almennt

Skilur hvernig segl virka og grundvallar loftflæði.

Kann grundvallar orðaförða siglinga. (t.d. kulborði, hléborði, slá undan, lúffa).

Skilur nauðsyn góðra samskipta um borð.

Skilur hættur við siglingar við strendur og í nágrenni við aðra sjófarendur.

Skilur ráðgjöf sem gefin er strand-

siglurum og þeim sem sigla á vötnum.

Skilur nauðsyn öryggis og að tilkynna

öðrum um fyrirhugaða siglingu.

Þekkir hættu við ofkælingu og nauðsyn

skyndihjálparkunnáttu.

### Siglingareglur

Þekkir grundvallar siglingareglur: Stjórnborði/bakborði, kulborðs bátur og tekið fram úr báti.

### Veðurfræði

Veit hvernig á að verða sér útum veðurspá. Skilur Beaufort vindkvarðann,

þekkir m/sek.

Veit hvenær á að rífa.

### Föt og búnaður

Skilur nauðsyn:

Eigin öryggisbúnaðar.

Flothólfa í bátnum

Grundvallar öryggisbúnaðar s.s. akkeri ár, og ausa

\*Gildir ekki um þá sem sigla einir.

\*\* Á ekki við um kjölbáta

Að loknu 3. stigi hefur nemandi kynnst flestum atriðum siglinga. Hann getur siglt öll horn, seglbúið og sjósett bátinn. Hann er ekki byrjandi lengur.



## VERKLEG KUNNÁTTA

### Uppsetning & sjósetning

Getur sett upp segl, sjósett og lent í hvaða vindátt sem er.

Kann að haga seglum og reiða eftir veðri s.s. sveigt mastur og rifað.

### Reipi og hnútar

Kann að hnúta og nota eftirfarandi

**hnúta:** Áttuhnút, hringbragð og hálfstikk, réttan hnút, pelastikk, skutulsbragð, tvöfalt skutulsbragð, fánahnút.

### Siglingatækni og stjórnök

Getur sýnt fram á:

Siglingatækni og aðferðir 3ja stigs í bát með áhöfn.

Skýr samskipti sem stýrimaður eða áhöfn.

Notkun 5 grundavallaratriða stýrimanns og áhafnar þar með talin notkun vindvísa(kjafta kerlinga).

Þjargað manni sem fallið hefur fyrir borð. Lent við bryggju eða á strönd\*\* í öllum vindáttum.

## SIGLINGAÞEKING

Hefur þekkingu á:

Alþjóða siglingareglum til að forðast árekstur á sjó.

Beaufort vindskalanum og m/sek.

Veðurkortum með þrýstilínum.

Flóði og fjöru.

Stór- og smástreymi.

Hvernig rétta á við bát sem hefur hvölt\*\*

## STRANDSIGLINGAR

Getur nýtt sér þekkingu sína til siglinga þar sem gætir flóðs og fjöru.

### Siglingaþekking

Kann að nota alþjóða siglingareglur á sjó.

Hefur grunnþekkingu á alþjóða baujumerkingum.

Hvernig nota á flóðatöflur.

Hvernig finna á straumátt.

\*Gildir ekki um þá sem sigla einir.

\*\* Á ekki við um kjölbáta

Þegar nemandi hefur lokið 4.stigi getur hann siglt eins og tveggja manna kænnum bæði sem áhöfn og stýrimaður og leyst ýmiss vandamál á sjó.